



Svæðisskipulagsnefnd SSA

Fundur 5. janúar 2021 haldinn á teams og hófst kl. 11:00

Mætt; María Markúsdóttir (MÞ), Stefán Bogi Sveinsson (MÞ), Axel Örn Sveinbjörnsson (VF), Sara Elísabet Svansdóttir (VF), Eydís Ásbjörnsdóttir (FB), Valur Sveinsson (FB), Gunnþórunn Ingólfssdóttir (FH), Lárus Heiðarsson (FH), Díana Mjöll Sveinsdóttir (FAUST), Einar Már Sigurðarson (SSA), Jóna Árný Þórðardóttir (Austurbrú) og Björn Ingi Knútsson (Austurbrú) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kosning formanns og varaformanns svæðisskipulagsnefndar.

Einar Már Sigurðsson setti fundinn. Hann byrjaði á að þakka fráfarandi svæðisskipulagsnefnd fyrir góð og vel unnin störf. Sérstaklega þakkaði hann fráfarandi formanni Gunnþórunni Ingólfssdóttur fyrir hennar hlutverk í að leiða síðustu nefnd og bauð þá sem eru nýir á þessum vettvangi velkomna til starfa. Formaður SSA lagði til að Stefán Bogi Sveinsson yrði formaður svæðisskipulagsnefndar SSA og að Eydís Ásbjörnsdóttir varaformaður. Það var samþykkt samhljóða.

Formaður SSA yfirgaf fundinn og Stefán Bogi tók við fundarstjórn.

2. Kynning á uppfærðum starfsreglum og málefnum því tengt.

Jóna Árný Þórðardóttir fór yfir uppfærðar starfsreglur svæðisskipulagsnefndar SSA sem samþykktar hafa verið af öllum sveitarfélögum á starfssvæði SSA fyrir þennan fyrsta fund nýrrar nefndar. Einnig var farið yfir hverjir voru tilnefndir aðalmenn og varamenn nefndarinnar.

Skipunaraðili	Aðalmaður
Vopnafjarðarhreppur	Axel Örn Sveinbjörnsson
Vopnafjarðarhreppur	Sara Elísabet Svansdóttir
Múlaþing	Stefán Bogi Sveinsson - formaður
Múlaþing	María Markúsdóttir
Fljótisdalshreppur	Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Fljótisdalshreppur	Lárus Heiðarsson
Fjarðabyggð	Eydís Ásbjörnsdóttir - varaformaður
Fjarðabyggð	Valur Sveinsson
FAUST	Díana Mjöll Sveinsdóttir
Skipunaraðili	Varamaður
Vopnafjarðarhreppur	Björn Heiðar Sigurbjörnsson
Vopnafjarðarhreppur	Teitur Helgason
Múlaþing	Jónína Brynjólfssdóttir
Múlaþing	Hugrún Hjálmarsdóttir
Fljótisdalshreppur	Jóhann Þórhallsson
Fjarðabyggð	Ívar Dan Arnarson
Fjarðabyggð	Gunnar Jónsson
FAUST	María Hjálmarsdóttir

3. Verk – og kostnaðaráætlun, erindi til Skipulagssjóðs

Jóna Árný Þórðardóttir fór yfir samskipti við Skipulagssjóð á liðnu ári sem og forsögu mála. Þá var farið yfir uppfærða verk- og kostnaðaráætlun sem miðast að því að tillaga til auglýsingar verði afgreidd af sveitastjórnnum vorið 2022.



Svæðisskipulagsnefnd SSA samþykkir áframhaldandi vinnslu svæðisskipulags Austurlands á grundvelli uppfærðrar samantektar ALTA, „Svæðisskipulag Austurlands, Verk- og kostnaðaráætlun, janúar 2021“.

Formanni svæðisskipulagsnefndar og framkvæmdastjóra er falið að senda uppfærða áætlun og önnur nauðsynleg gögn til Skipulagsstofnunar og kalla eftir afgreiðslu á kostnaðarpátttöku af hálfu Skipulagssjóðs.

Svæðisskipulagsnefnd heimilar formanni og framkvæmdastjóra að ganga frá nauðsynlegum samningum við Austurbrú um verkefnastjórn verkefnisins í samráði við formann SSA. Í framhaldinu verði gengið frá samningi við ráðgjafafyrirtækið ALTA um sérfræðiþekkingu fyrir áfanga 1.

4. Fyrirkomulag starfa

Framkvæmdastjóri fór yfir nauðsyn þess að nefndin starfi eftir vel útfærðri tíma- og fundaáætlun. Samþykkt að á næsta fundi nefndarinnar verði lögð fram samandregin og tímasett fundaáætlun og vinnufyrirkomulag nefndarinnar rætt. Reiknað er með að sérfræðingar ALTA komi inn á þriðja fund nefndarinnar. Formaður lagði til að næsti fundur verði 19. janúar kl 11:00 í teams og var það samþykkt.

5. Önnur mál Engin önnur mál voru á dagskrá

Fundi slitið kl 12:15

Undirritunarsíða

Axel Örn Sveinbjörnsson

Sara Elísabet Svansdóttir

Stefán Bogi Sveinsson

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Lárus Heiðarsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Valur Sveinsson

Díana Mjöll Sveinsdóttir

María Markúsdóttir

Jóna Árný Þórðardóttir